

Myndlist: Leirmótun, tækni og túlkun

Námskeið: 156 kennslustund, 6 einingar á framhaldsskólastigi. Hefst 6 apríl og lýkur 1 júní 2010.

Kennt verður mánudaga og þriðjudaga kl 9.00- 14.30, og miðvikudaga 9.00- 12.20

Markmið námskeiðsins er að kveikja sköpunarkraftinn í höndum og huga með mótun og gerð listmuna í leir, efla mynd og formskynjun til eflingar frumsköpunar / sjálfsköpunar á sviði listhönnunar í þrívíðu formi í leir.

Kennarar: Guðný Magnúsdóttir, Ragnheiður Ágústsdóttir og Sólveig Aðalsteinsdóttir.



Kennslulýsing:

Námskeiðið skiptist í fjóra hluta: leirmótun og hugmyndavinna, teikning og skyssuvinna í leir, rennsla og glerungar og hönnun í þrívídd.

1. Í fyrsta hluta verður farið í vettvangsferðir og könnum form náttúrunnar, mynduð og teiknuð, skoðum tilfinninga- og áferðateikningu þrívíðs forms og mótum í leir.

2. Annar hluti fer í að kynast leirnum og möguleikum hans frá hugmynd að sköpun í þrívítt form, farið í helstu aðferðir leirmótunar og að móta hugmyndir sínar í þrívítt leirform.

3. Í þriðja hluta verður unnið á leir rennibekk og rennd einföld form, nemendur kynast rennslu og mótun í leir, glerungum og brennslu.

4. Lokaáfangi er hönnun eins grips í leir, ferli hugmyndað að lokaútfærslu, að frumgerð fyrir framleiðslu. Töluvert ferli á sér stað áður en hugmynd verður að söluhæfum grip og það ferli verður kannað.

